



Áfallaáætlun

SORG & SORGARVIÐBRÖGÐ

GUÐNÝ ANNA ÞÓREYJARDÓTTIR

Ábyrgðarmenn:

Guðný Anna Þóreyjardóttir

Svanhvít Friðriksdóttir

Unnur Ólög Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur

1. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símar

Áfallateymi - nöfn og símar
Félagsþjónusta Kópavogs / Barnavernd - sími 5701500
Neyðarlína 1 1 2
Leikskóladeild – nöfn og símar / Almannatengill
Prestar – nöfn og símar
Heilsugæslan - sími
Áfallahjálpi – Landspítalinn - sími
Kvennaathvarfið - Barnahús - sími
Túlkþjónustan – Alþjóðarsetur og Intercultural

2. Áfallaáætlun – hlutverk áfallateymis

3. Nokkur dæmi um atvik í lífi fólks

Skilnaður
Slys og afleiðingar þeirra
Alvarleg veikindi
Dauðsfall
Annað

4. Áfallahjálpi

Áfallahjálpi fyrir börn
Áfallahjálpi fyrir starfsfólk
Fólk af erlendum uppruna - Leiðir og viðbrögð við áföllum

5. Börn og sorg

Algeng sorgarviðbrögð barna
Börn undir 5 ára aldri
Börn 6 – 8 ára
Sorgarferill

6. Vinnulýsingar

Ef barn veikist
Slys á barni
Foreldraviðtal eftir slys á barni
Líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi á barni
Barn og skilnaður
Ef barn týnist
Dauðfall barns
Veikindi/slys aðstandanda barns
Dauðsfall aðstandanda barns
Veikindi/slys starfsmanns

Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns
Dauðsfall starfsmanns
Dauðsfall aðstandanda starfsmanns

7. Stöðluð bréf

8. Bækur og heimildir um sorg og sorgarviðbrögð

Inngangur

Áfallaáætlun leikskólans er handbók sem ætluð er til að styðja starfsmenn og vísa veginn ef áföll verða hjá barni, starfsmanni eða aðstandendum þeirra. Lögð er áhersla á að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og festu. Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra, staðgengils hans eða áfallateymis svo hægt sé að vinna á markvissan hátt.

Áföll eru af ýmsum toga. Sem dæmi um áföll má nefna skilnað, alvarleg veikindi, slys, dauðsfall, atvinnumissi, misnotkun, ofbeldi, einelti, flutning og náttúruhamfarir.

Sorg og sárar tilfinningar eru eðlileg viðbrögð við missi. Missir er ekki eingöngu bundin við andlát. Hann getur tengst skilnaði, veikindum, fötlun og öðru mótlæti.

Sorg er hluti af lífsgöngunni og því skiptir miklu máli að starfsfólk leikskólans sé í stakk búið til að veita stuðning þeim sem á hjálp þurfa að halda.

Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Handbók sem þessi er aldrei tæmandi og er endurmetin á tveggja ára fresti.

1. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símar

Ef tilkynning berst um slys, alvarleg veikindi eða dauðsfall á að láta [leikskólastjóra](#), [deildarstjóra](#) og [áfallateymi](#) strax vita.

Áfallateymi :

Guðný Anna Þóreyjardóttir [4415101/8989092](#)

Svanhvít Friðriksdóttir [4415102/6945252](#)

Unnur Ólöf Gunnarsdóttir [4415103/8676086](#)

Félagsþjónusta Kópavogs / Barnavernd: s. [4410000](#)

Neyðarlína **1 1 2** þegar slys ber að höndum.

Gefur samband við barnaverndaryfirvöld bæði að nóttu sem degi.

Leikskóladeild s. [4410000](#)

Sigurlaug Bjarnadóttir s. [4412855/8615440](#)

Marianna Einarsdóttir s. [4412857/8921090](#)

Vigdís Guðmundsdóttir s. [4412852/7706027](#)

Anna Karen Ásgeirsdóttir s. [4412853/6956945](#)

Almannatengill Kópavogs: Sigríður Björg Tómasdóttir s. [4410000/8217506](#)

Prestar í nærumhverfi

Lindakirkja s. [5444477](#)

Guðmundur Karl Brynjarsson s. 6505006

Bakvaktasími presta í Kópavogi s. 8430444

Heilsugæslan í nærumhverfi s. 5903900

Áfallahjálp – Landspítalinn Fossvogi s. 5431000

Kvennaathvarfið s. 5611205

Barnahús sími s. 5302600

Túlka- og þýðingarmiðstöð Íslands / Alþjóðasetur s. 5179345 / 5309300

2. Áfallaáætlun – hlutverk áfallaráðs

Áfallaáætlun er unnin af áfallateymi undir stjórn leikskólastjóra og er endurskoðuð annað hvert ár og endurmetin eftir hvert áfall.

Áfallateymi er skipað: Leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og þeim deildarstjóra sem er hlutaðeigandi hverju sinni.

Hlutverk áfallateymis er að vera starfsfólki leikskólans til aðstoðar við að halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang við áföll.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra, staðgengils hans eða áfallateymis.

Áfallateymi er bundið trúnaði

Leikskólastjóri eða áfallateymi leitar staðfestingar á andláti, slysi, veikindum eða öðrum ástæðum eftir ábyggilegum leiðum. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir. Áfallateymi skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum. Mikilvægt er að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og vel útskýrð.

Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Áfallateymi ákveður hver hefur hvaða hlutverk, þ.e. hver kemur skilaboðum áfram og með hvaða hætti. Þetta eru skilaboð og upplýsingar til barna og foreldra, einnig hver tekur við nýjum upplýsingum og hver gefur upplýsingar út á við, ef það er gert.

Komi einhver sá atburður fyrir í leikskólanum sem að fjölmiðlar sækist eftir upplýsingum um er það eingöngu almannatengill Kópavogsbæjar sem gefur þær.

Leikskólastjóri leitar samráðs við leikskóladeild Menntasviðs Kópavogs s.s. leikskólaráðgjafa, sálfræðing, aðra leikskólastjóra, sóknarprest og starfsfólk heilsugæslunnar ef ástæða þykir til.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum þá er mikilvægt að viðkomandi hafi í huga að það sem skiptir mestu máli er:

Hlýtt hjarta, faðmlag, stór eyru og lítill munnur !

Áfallaráð Kópavogs

Tvö ráð starfa í bænum; austan og vestan Reykjanesbrautar og í hvoru þeirra sitja fjórir aðilar frá skóla, velferðarsviði, heilsugæslu og þjóðkirkjunni. Verkefni teymanna felast í að halda fræðslufundi fyrir skólastjórnendur, lögreglu, íþróttafélög, skáta og fleiri aðila í því skyni að bæta þekkingu á áföllum og úrræðum í kjölfar þeirra. Samstarfi hefur verið komið á við lögreglu, Rauða krossinn og áfallateymi LSH. Tengiliður Austurkórs við Áfallaráð Kópavogs er Anna Rósa Sigurjónsdóttir aðstoðarleikskóla-stjóri Álfaheiði.

3. Nokkur dæmi um atvik í lífi fólks sem geta valdið áfalli

Skilnaður

- foreldra barna eða sambýlisfólks
- aðskilnaður systkina eða fóstursystkina
- hjá starfsmanni

Slys og afleiðingar þeirra

- barn í leikskólanum
- nákominn ættingi barns
- starfsmaður
- nákominn ættingi starfsmanns

Alvarleg veikindi

- barns
- nákomins ættingja barns
- starfsmanns
- nákominn ættingi starfsmanns

Dauðsfall

- barn í leikskólanum
- nákominn ættingi barns
- starfsmaður
- nákominn ættingi starfsmanns

Annað

- Félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. flutningar, vímuefnanotkun, atvinnuleysi, ofbeldi og misnotkun, niðurstöður úr þroskagreiningu, langavarandi fjarvera vegna sjúkdóma eða slysa.

4. Áfallahjálp

Áfallahjálp fyrir börn

- Notið opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti.
- Barninu er greint frá staðreyndum um: Hvað hefur gerst - Hvernig það gerðist - Hvað muni gerast í framhaldinu.
- Sá fullorðni talar við barnið í samræmi við aldur þess og þroska. Útskýrir ekki of fræðilega fyrir barninu heldur notar einfaldara orðalag.
- Forðist huglægar útskýringar og notið ekki orð eins og svefn, ferð o.s.frv. í staðinn fyrir dauðann.

- Forðist að nota líkingamál, tala undir rós og /eða nota orðatiltæki.
- Leikskólinn er griðastaður barnsins og því mikilvægt að hafa allt í föstum skorðum og halda daglegu skipulagi.

Áfallahjálp fyrir starfsfólk

Áfallateymi leikskólans og starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir líðan samstarfsmanna og leita sér aðstoðar ef þurfa þykir t.d. hjá presti, sálfræðingi eða heilbrigðisstarfsfólki.

Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum
Fjölmeningarsetur veitir ráðgjöf og þar er starfandi upplýsingafulltrúi
sími: 450-3090 og á heimasíðu www.mcc.is er hægt að finna nánari upplýsingar.

Á vef landlæknisembættisins er ritið Menningarheimar mætast á tölvutæku formi sem fjallar um ýmsa siði og venjur mismunandi trúarbragða, hægt er að nálgast bæklinginn hjá landlæknisembættinu:

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item1965/489.pdf>

Persónulegra er að hringja í foreldra þegar áfall á sér stað og mikilvægt er að samræma upplýsingagjöf

5. Börn og sorg

Algeng sorgarviðbrögð barna:

- Kvíði
- Svefntruflanir
- Leiði og söknuður
- Reiði eða annað atferli sem kallar á athygli

- Sektarkennd og sjálfsásakanir
- Erfiðleikar í skóla
- Líkamleg einkenni

(Sigurður Pálsson. Börn og sorg 1998:27)

Sorg barna er ekki eins samfelld og fullorðinna. Eftir fyrstu viðbrögðin, getur sorgin vitjað þeirra ítrekað við tilteknar aðstæður í lífinu, t.d. á merkisdögum og minningardögum og getur fylgt þeim með einum eða öðrum hætti til fullorðinsára. Börn virðast almennt dylja sorg sína fremur en fullorðnir. Sökum þess hve sorgin gengur nærri tilfinningalífi þeirra leitast þau oft við að beina huganum að einhverju skemmtilegu til þess að hlífa sér. Börn fela oft sorg sína, meðvitað eða ómeðvitað, til að hlífa fullorðnum syrgjendum í kringum sig og reyna þess í stað að geðjast þeim og gleðja.

Viðbrögð barna við missi eru mismunandi. Þau geta farið eftir aldri og persónuleika barnsins, tengslum við hinn látna, nánasta umhverfi barnsins og aðstæðum. Þegar barni er sagt frá dauðfalli geta fyrstu viðbrögð þess verið ýmiskonar, sterkar tilfinningar brjótast svo út nokkru seinna.

Börn skynja dauðann út frá sínum eigin forsendum. Á ólíkum aldri og þroskaskeiðum hafa þau ólíkan skilning á því sem er að gerast í þeirra lífi.

Leita skal leiða til að hjálpa börnunum að vinna úr tilfinningum sínum t.d. í leik og sköpun

Börn undir 5 ára aldri

Þau skynja dauðann eins og svefn og eiga erfitt með að skilja að hinn látni getur ekki vaknað til lífsins að nýju. Sú útskýring að amma sé í kirkjugarðinum og á sama tíma hjá Jesú er þeim mjög ruglingsleg. Varast ber að nota orð eins og:

Hann er farinn eða hann er sofnaður svefninum langa, því ef einhver fer þá kemur hann aftur og við vöknum aftur eftir svefn.

Börn 6 – 8 ára

Þau skilja betur samhengið í lífinu frá upphafi til enda og vita að dauðinn er varanlegur og þess vegna mótmæla þau honum. Þeim finnst stundum sem hinn látni hafi svikið þau og bregðast við í samræmi við það, leynt og ljóst.

Sorgarferli

Fræðimenn hafa sett fram mismunandi kenningar um sorgarferlið.

Colin Mary Parkers, breskur geðlæknir, skiptir sorgarferlinu niður í fjögur tímabil:

1. Doði / lost, tilfinningaleysi og afneitun á staðreyndum missisins
2. Söknuður, afneitun og reiði
3. Upplausn, örvænting og vanmáttur
4. Enduruppbygging

Einstaklingurinn verður að fá útrás fyrir tilfinningar sínar og ljúka hverju tímabili fyrir sig. Þó er alltaf bakslög en þau verða ekki eins sársaukafull þegar lengra líður frá missinum. Misjafnt er hvað sorgarferlið er talið taka langan tíma en tvö ár er algengur tími.

*Vera minnug þess að sýna atburðinum virðingu
án þess að dvelja of lengi við áfallið*

6. Vinnulýsingar

Ef barn veikist

Markmiðið er:

- Að hlúa að barninu strax og veikindin uppgötvast.
- Að meta líðan barns og láta foreldra vita á rólegan og yfirvegaðan hátt

Skammtíma veikindi:

- Mikilvægt er ef barn veikist í leikskólanum að sjá til þess að það fái að hvíla sig á rólegum stað.
- Ef barnið er með hita er hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja barnið á leikskólann.
- Stuðst er við [yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna](#) og viðmið varðandi meðgöngu sjúkdóms, smithættu og hvenær barn má koma aftur í leikskólann.
 - [Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna.pdf \(hsu.is\)](#)
- Innivera eftir veikindi er metin í hverju tilfalli fyrir sig og í samráði við deildastjóra.
- Mikilvægt er að starfsmenn sýni hluttekningu og gefi foreldrum og barninu tíma til að tjá sig um veikindin.
- Lyfjagjöf fer fram heima nema í undantekningartilfellum.

Langtíma veikindi:

- Ef um langtímaveikindi er að ræða er það hlutverk deildastjóra í samvinnu við áfallateymi að skipuleggja samráð, upplýsingagjöf, teymisvinnu og fræðslu til starfsmanna og jafnvel annarra foreldra.
- Ef barn fær ofnæmiskast þá er strax hringt í **1 1 2**
- Penninn er staðsettur á deild barnsins og spjald með upplýsingum um barnið, mynd af því, símanúmerum foreldra og hverju barnið er með ofnæmi fyrir.
- Mikilvægt er að taka pennann með barninu þegar farið er í allar ferðir.
- Eitrunarmiðstöð opin allan sólahringinn - **1 1 2** í gegnum neyðarlínuna.

Slys á barni

Markmiðið er:

- Að hlúa samstundis að barninu.
- Að koma í veg fyrir hræðslu, óöryggi og mistök.
- Að starfsmenn vinni saman og skipti með sér verkum.
- Að vinna hratt og örugglega.

Verkferill:

- Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til foreldra. Ef um minna slys er að ræða fara foreldrarnir eða starfsmaður með barnið til læknis. Leita ber til Heilsugæslustöðvarinnar sé þess kostur.
- Verði alvarlegt slys t.d. höfuðhögg eða einhver vafi er um alvarleika slyss, ber tafarlaust að hringja í **1 1 2**.
- Starfsmaður fer með barn ef ekki næst í foreldra eða aðstandanda.

- Nauðsynlegt er að láta foreldra vita eins fljótt og auðið er. Mikilvægt er að tilkynna foreldrum slíkt með nærgætni og rétt að það sé í höndum leikskólastjóra eða deildarstjóra.
- Í öllum alvarlegum slysum á að kalla til lögreglu og fá gerða slysarannsóknarskýrslu. Þetta getur verið mikilvægt síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku, eða málsóknar.
- Ef barn slasast er það skráð á <https://skra.atvik.is/Account/Login>
- Starfsmaður sendir tilkynninguna á tjon@kopavogur.is og personutjon@vis.is og/eða sendir frumrit í pósti til Vís.
- Hafa skal meðferðis bráðaupplýsingar um barnið sem staðsettar eru í möppu á deildinni.
- Börn eru slysatryggð í leikskólum Kópavogs og greiddur er kostnaður vegna slysa sem eiga sér stað í leikskólanum. Tilkynna þarf slysið til VÍS. Allir reikningar verða að berast til VÍS sem sér um endurgreiðslu til foreldra.
- Sjúkrakassi er í leikskólanum með nauðsynlegustu skyndihjálpargögnunum. Hann er staðsettur í kaffistofu starfsfólks – neðstu skúffunni í eldhúsinnréttingu.
- Ef barn slasast er mikilvægt að gefa því kost á að vinna úr reynslu sinni og funda með foreldrum, sjá vinnulýsingu.
- Ef barn kemur ekki strax í leikskólann fylgjast starfsmenn deilda með líðan barnsins.
- Starfsmenn leikskólans fara á slysavarnanámskeið annað hvert ár.

Foreldraviðtal eftir slys á barni

Markmiðið er:

- Að upplýsa foreldra um slysið.
- Að kynna þær tryggingar sem barnið er með.
- Að kynna foreldrum endurskoðun á verkferlum og búnaði, ef við á.

Verkferill:

- Deildarstjóri/leikskólastjóri útskýra fyrir foreldrum hvernig slysið hafi átt sér stað.
- Deildarstjóri/leikskólastjóri útskýrir þær tryggingar sem bærinn greiðir fyrir barnið.
 - Börn eru tryggð fyrir hvers konar líkamstjóni og slysum sem verða á skólatíma/vistunartíma og á leið í og úr skóla. Mjög mikilvægt er að fylla út slysaskýrslu sem finna má á:
- <https://vis.is/eydublod/?docid=038fc05acb92>
- Fylla skal út skýrslu í samráði við foreldra og senda hana undirritaða og stimplaða af leikskólastjóra til VÍS. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar tanntjón verður þar sem oft getur liðið nokkur tími þar til í ljós kemur hve alvarlegt tjón hefur orðið.
- Allir reikningar verða að berast til VÍS sem sér um endurgreiðslu til foreldra.
- Kópavogsbær er ekki með tryggingar vegna tjóns á persónulegum munum barna á leikskólaaldri. Foreldrum er bent á sínar eigin heimilistryggingar.

Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum

Markmiðið er:

- Að bregðast við af öryggi og festu.
- Að snúa sér til réttra aðila með málið.

Verkferill:

- Í [barnaverndarlögum, nr. 80/2012 í 17. grein](#), er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna barna og ungmenna.
„Hverjum, sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreiti eða ofbeldi eða að barn stofni

heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart .“

- Ef grunur vaknar hjá starfsmanni um einhver ofangreind atriði ber starfsmanni að tilkynna það leikskólastjóra og deildarstjóra. Mikilvægt er að starfsmaður haldi ró sinni og hrósi barni fyrir hugrekki sitt að segja frá. Starfsmaður þarf að spyrja barn opinna spurninga t.d. hvað er það, viltu segja mér meira og skrá niður atvikið.
- Leikskólastjóri skal leita ráðgjafar hjá Velferðarsviði Kópavogs. Ef leikskólastjóri metur aðstæður þannig, í samráði við félagsráðgjafa, að taka eigi málið í formlegt ferli er það gert með tilkynningu til barnaverndaryfirvalda.
- Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri gera þeim grein fyrir aðstæðum. Foreldrum er sýnt afrit af tilkynningu sem sent verður barnaverndaryfirvöldum.
- Ef grunur leikur á að foreldrar eigi hlut að máli tilkynnir leikskólastjóri það barnaverndaryfirvalda Kópavogs tafarlaust.
- Menntasvið Kópavogs hefur sett sér verklagsreglur og forvarnarstefnu til verndar börnum vegna gruns um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi. Þær er að finna ásamt viðmiðum Barnastofu vegna vanrækslu í Fræðslusvið-Sameign (S:)/Austurkór/Austurkór allir /skjöl/sameiginleg skjöl/starfið & starfsfólk/verkferlar
- Verklagsreglurnar eru á deildum og á heimsíðu leikskólans.
- **Neyðarlínan 1 1 2 gefur samband við barnaverndaryfirvöld allan sólahringinn.**

Barn og skilnaður

Markmið er:

- Að koma til móts við barn og foreldra þess í skilnaðarmálum.

Verkferill:

- Starfsmenn þurfa að vera í stakk búnir til að koma til móts við breyttar þarfir barns.
- Vera vakandi yfir viðbrögðum barns við skilnað og gera sér grein fyrir áhrifum skilnaðar á barnið
- Starfsfólk tekur ekki afstöðu til annars foreldris í skilnaðarmálum né taka þátt í skilnaði með foreldrum. Hagur barnsins skal hafður í huga og leikskólinn skal vera griðarstaður barnsins þegar það upplifir skilnað foreldra.
- Brýna fyrir foreldrum að láta vita um breytingar á högum barnsins í framhaldi af skilnaði.

Barnið í kjölfar skilnaðar:

- Börn geta sýnt afturhvarf í þroska s.s. farið að sjúga fingur eða gera eitthvað annað sem þau voru hætt að gera. Börnin leita í öryggi og það sem þeim áður var tamt.
- Börn geta farið að eiga erfiðara með að skilja við foreldra þegar þau koma á leikskólann. Þau eru að upplifa að annað foreldrið sé flutt í burtu og verða jafnvel hrædd um að hitt yfirgefi sig líka.
- Barnið þarf að fá vissu fyrir því að það sé ekki ástæða skilnaðarins. Börnin kenna sér gjarna um þá stöðu sem upp er komin og geta fundið ýmsar ástæður sem þau tengja við skilnaðinn.

Deildastjóri þarf að afla sér upplýsinga hjá foreldrum um hver staða mála sé og hvernig barnið taki þessum breytingum. Kennarar leikskólans þurfa að vera vakandi yfir því hvort að barnið sýni einhverjar skapgerðarbreytingar s.s. fara til baka í þroska, leita eftir öryggi, aukinn hávaði og fyrirferð. Kennari þarf að koma til móts við þarfir barnsins. Leikurinn er mikilvæg leið til að vinna úr tilfinningum sínum.

Börn frá fæðingu til tveggja ára hafa ekki þroska til að gera sér grein fyrir aðstæðum. Mesta röskunin er þegar foreldrið á erfitt með að veita barninu tilfinningalegt öryggi sökum vanlíðan. Þegar foreldrar jafna sig tilfinningalega fer barninu að líða betur.

Ef barn týnist

Markmiðið er:

- Að finna barnið.
- Að allir viti hvað eigi að gera.

Verkferill:

- Deildarstjóri barns stýrir leitinni
- Fara strax að leita. Leita vel að barninu inni í leikskólanum, á leikskólalóðinni og í næsta nágrenni. Þeir sem fara að leita taka með sér síma og ákveða þarf í hvaða númer skal hringja þegar barn finnst.
- Finna út hver sá barnið síðast og hvar.
- Hringja í foreldra finnast barnið ekki. Það kemur fyrir að foreldrar eða aðrir sem sækja barn gleyma að láta vita. Ef ekki næst í foreldra þá hringja í tengiliði yfir þá sem mega sækja barnið.
- Eins margir starfsmenn og aðstæður leyfa hjálpa til við leitina.
- Foreldrar hringja í alla þá sem barnið mögulega hefur getað farið til, vina eða ættingja.
- Leikskólastjóri eða staðgengill hans hringir í lögreglu ef barnið finnst ekki innan 30 mínútna s. **444-1000** eða hringja í **1 1 2**.
- Ef barn týnist utan leikskólans, t.d. í vettvangsferðum, skal **STRAX** haft samband við lögreglu.
- Ef utanaðkomandi aðili finnur barnið og kemur því í leikskólann skal ávallt fá nafn, kennitölu og símanúmer viðkomandi og spyrja hann út í málsatvik.

Dauðsfall barns

Markmiðið er:

- Að koma fram við foreldra, börnin í leikskólanum og samstarfsfólkið af hlýju, varfærni og umhyggju.
- Að gera alla hluti af vandvirkni og yfirvegun.
- Að skapa ró og festu.

Verkferill:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir deildarstjórum og leikskólafulltrúa um andlátið.
- Deildarstjórar láta starfsmenn deildanna vita og fulltrúi úr áfallateymi lætur annað starfsfólk vita s.s. í eldhúsi, í sérkennslu, í hlutastarfi og starfsmenn sem eru fjarverandi þann dag.
- Gætt skal að því að tilkynna starfsmönnum sem tengjast hinu látna barni fjölskylduböndum andlátið sérstaklega.
- Áfallateymi fer yfir það sem gera þarf áður en börn og starfsfólk mætir í leikskólann fyrsta daginn eftir áfallið. Bera skal aðgerðir leikskólans undir aðstandendur/tengilið fjölskyldunnar og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Foreldrum barnanna á deildinni er tilkynnt um andlátið símleiðis svo fljótt sem auðið er og foreldrum annarra barna með tölvupósti.
- Deildarstjóri ræðir andlátið við börnin á deildinni og eru foreldrar upplýstir um það áður. Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi eða frá öðru samstarfsfólki.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga eða sóknarprests fyrir starfsmenn, börn og foreldra annarra barna. Haldin er kyrrðarstund.
- Starfsfólk deildarinnar vinnur með börnunum t.d. les sögu eða ljóð. Setja mynd af barninu í ramma á fallegan stað á deild barnsins/kaffistofu starfsfólks og kertaljós.
- Börn í áfalli – reynt er að hafa rólegt og hafa þau í minni hópum með því gefum við börnunum aukið tækifæri til að tjá sig.

- Leikskólastjóri eða staðgengill ásamt deildarstjóra og tengilið fjölskyldunnar/presti/sálfræðingi skipuleggja næstu daga.
- Búið er til myndaalbúm með myndum af barninu (ca. 10 -15. myndir) og það afhent fjölskyldunni þegar hentar.
- Ræða við foreldra barna á deildinni um viðbrögð barnanna heima.
- Við fráfall barns hittist starfsfólk þeirrar deildar á fundi á hverjum morgni fram yfir jarðaför eða lengur ef þurfa þykir til að samræma aðgerðir og ákveða næstu skref.
- Panta krans eða blóm frá börnum og starfsfólki leikskólans. Skrifa minningargrein og senda hana á Morgunblaðið.
- Taka ákvörðun um hverjir fara í jarðaför barnsins.
- Jarðarfaradaginn er flaggað í háfa stöng á leikskólanum og dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.
- Lokun vegna jarðarfarar er metin í hverju tilfelli fyrir sig.

Veikindi/slys aðstandanda barns

Markmiðið er:

- Að hlúa að og veita barni og fjölskyldu þess stuðning.
- Að gefa barninu færi á að tjá líðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt.
- Að fylgjast með líðan og tilfinningum barns og skapa ró og festu og muna að vera í samráði við fjölskyldu barnsins.

Verkferill:

- Finna tengilið við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um veikindi/slys og/eða bata aðstandanda. Einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um hvað barninu hefur verið sagt um veikindin/slysið.
- Starfsfólk er látið vita svo að breytt hegðun barnsins komi ekki á óvart.
- Starfsfólk þarf að reyna að lesa líðan barnsins.
- Vera tilbúin að hlusta á barnið.

- Veita barninu hlýju og skilning.
- Reynt að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið i gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefin kostur á að tjá sig á margvíslegan hátt.
- Vera í góðu sambandi við fjölskylduna og hafa heiðarleg samskipti.
- Taka mið að þroska barnsins þegar skýringar eru gefnar.
- Forðast að vera með flóknar útskýringar og leiðréttá misskilning hjá barninu.
- Leyfa spurningar og samtöl.

Dauðsfall aðstandanda barns

Markmiðið er :

- Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju, varfærni og umhyggju.
- Að gera alla hluti af vandvirkni, yfirvegun og skapa ró og festu.
- Að gefa barninu tækifæri á að tjá líðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt.
- Að fylgjast með líðan og tilfinningum barns og barnahópsins.
- Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar og ávallt skal vera í samráði við fjölskyldu barnsins.

Verkferill:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi ef það á við, tilkynnir um andlátið og metið er hverju sinni hverjum tilkynningin berst.
- Leikskólastjóri eða staðgengill ásamt áfallaráði skipuleggja næstu daga. Meðal annars hvernig taka skuli á móti barni þegar það kemur aftur í skólann og hvernig áframhaldandi vinnu skuli háttað.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um gang mála ef með þarf.

- Deildarstjóri ræðir við foreldri / tengilið og kannar hvernig dauðsfallið hefur verið útskýrt fyrir barninu, þannig að leikskólinn verði í samhljómi við forráðamenn barnsins.
- Foreldum annarra barna er tilkynnt andlátíð í síma eða í tölvupósti í samráði við forráðamenn.
- Mikilvægt er að starfsfólk deildar ræði við foreldra barna á deildinni um líðan barna sinna næstu daga.
- Deildarstjóri / leikskólastjóri ræðir andlátíð við börnin á deildinni (allt eftir aldri barnanna). Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi eða frá öðru samstarfsfólki.
- Reynt að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefið kostur á því að teikna eða ræða atburðinn.
- Ef foreldri barns eða systkini fellur frá fer ákveðinn hópur starfsmanna og leikskólastjóri í jarðaförina. Flaggað er í hálfu stöng. Ef barn missir t.d. ömmu / afa eða aðra aðstandendur gefum við barninu tækifæri til að búa til kort/teikna mynd og í kortið er settur texti og kveðja frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Votta aðstandendum og barni samúð sína þegar komið er til baka í leikskólann.

Veikindi/slys starfsmanns

Markmiðið er:

- Að hlúa samstundis að starfsmanni.
- Að starfsmenn vinni saman og skipti með sér verkum.
- Að vinna hratt og örugglega.

Verkferill:

Kalla saman áfallateymi og fá utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til starfsmanna og leikskólafulltrúa. Hafa tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt veikindi eða slys er að ræða

- Verði alvarlegt slys eða veikindi í leikskólanum eða einhver vafi er á, ber tafarlaust að hringja í **1 1 2** og fara með starfsmann á sjúkrahús.

Hafa skal meðferðis bráðaupplýsingar um starfsmann sem staðsettar eru í neðstu skúffunni í eldhúsinnréttingu í kaffistofu kennara.

- Nauðsynlegt er að láta aðstandanda vita – sjá símanúmer í bráðaupplýsingum starfsmanna.
- Í öllum alvarlegum slysum á að kalla til lögreglu og fá gerða slysarannsóknarskýrslu. Þetta getur verið mikilvægt síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku, eða málsóknar.
- Tilkynna vinnueffirlitinu um slysið innan sólarhrings frá slysi
- [.http://www.vinnueffirlit.is/media/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf](http://www.vinnueffirlit.is/media/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf)
- Senda afrit af tilkynningunni á tjon@kopavogur.is
- Tilkynna slysið til VÍS eins fljótt og auðið er.
- Útfyllt af hinum slasaða: <https://vis.is/eydublod/?docid=2a268c68d5ce>
- Útfyllt af vinnuveitanda: <https://vis.is/eydublod/?docid=ea160371883e>
- Tilkynna slysið til Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er <https://www.sjukra.is/media/eydublodin/Tilkynning-um-slys-onnur-en-sjoslys.doc.docx>
- Starfsmenn eru slysatryggðir í leikskólum Kópavogs og til og frá vinnu. Greiddur er kostnaður vegna slysa sem eiga sér stað í leikskólanum.
- Vera vakandi yfir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu. Sjúkrakassi er í leikskólanum með nauðsynlegustu skyndihjálpargögnunum. Hann er í neðstu skúffunni í eldhúsinnréttingu í kaffistofu kennara.

Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns

Markmiðið er:

- Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfaærni.
- Að koma til skila samúð og hluttekningu.
- Að skapa ró og festu í leikskólanum.

Verkferill:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á slysi eða veikindum, kallar saman áfallateymi ef við á, tilkynnir starfsmönnum um atburðinn og ákveðin eru næstu skref.
- Vera í góðu sambandi við starfsmann og bjóða fram aðstoð.
- Finna tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt tilfelli er að ræða og starfsmaður gæti átt erfitt með að vera í sambandi við vinnustað.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda, sjá t.d. bækling Nýrrar dögunar, Sorg og sorgarviðbrögð.

Dauðsfall starfsmanns

Markmiðið er:

- Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfaærni.
- Að koma til skila samúð og hluttekningu.
- Að skapa ró og festu í leikskólanum.

Verkferill:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir starfsmönnum og leikskólafulltrúa um látið.

- Leita skal eftir aðstoð og hjálpar sérfræðinga og/eða sóknarprests sem aðstoðar okkur við næstu skef.
- Starfsmönnum er boðið upp á áfallahjálp.
- Votta aðstandendum samúð, valin er tengiliður við fjölskylduna í hópi starfsmanna.
- Tilkynna foreldrum barna á þeirri deild sem starfmaður starfaði á, um látið símleiðis.
- Tilkynna öðrum foreldrum látið í tölvupósti.
- Ef andlát starfsmanns ber að í leikskólanum er hringt í **1 1 2**.
- Símanúmer aðstandanda starfsmanna eru í neðstu skúffunni í eldhúsinnréttingu á kaffistofu starfsfólks
- Hringja skal í foreldra og tilkynna þeim látið og óska eftir að foreldrar sækji börn sín. Muna að samræma það sem sagt er við foreldra því foreldrar eru mikilvægir hlekkir að styðja við börnin.
- Haldin er kyrrðarstund í leikskólanum, við fyrsta tækifæri, þar sem starfsmanns er minnst.
- Vera vakandi fyrir viðbrögðum barna, starfsmanna og foreldra.
- Upplýsa foreldra um gang mála og bjóða þeim að vera með t.d. í kyrrðarstund.
- Lokun vegna jarðarfara er metin í hverju tilviki fyrir sig.
- Panta blóm eða krans frá starfsmönnum, börnum og foreldrum.
- Skrifu minningargrein og senda hana í Morgunblaðið.
- Flagga í hálfu stöng á jarðarfara degi og í heila stöng að jarðarför lokinni

Dauðsfall aðstandanda starfsmanns

Maki, barn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini

Markmiðið er:

- Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfaærni.
- Að koma til skila samúð og hluttekningu.
- Að skapa ró og festu í leikskólanum.

Verkferill:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andlátí, kallar saman áfallateymi og tilkynnir starfsmönnum og leikskólafulltrúa um látið.
- Leita skal eftir aðstoð og hjálpar sérfræðinga og/eða sóknarprests sem aðstoðar okkur við næstu skef, ef þörf er á.
- Starfsmönnum sem þess óska er boðið upp á áfallahjálp.
- Votta starfsmanni samúð, valinn er tengiliður við starfsmann eða ættingja hans úr hópi starfsmanna. Mikilvægt er að hafa starfsmann með í ráðum eins mikið og kostur er.
- Færa starfsmanni kort, blóm, eða skreytingu frá samstarfsfélögum.
- Upplýsa foreldra um atvikið, í samráði við starfsmann.
- Ákveðið er hverjir fara í jarðaförina.
- Flaggja í hálfu stöng - hvert tilvik metið fyrir sig.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur í vinnuna.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda, sjá bækling Nýrrar dögunar, Sorg og sorgarviðbrögð.

7. Stöðluð bréf til foreldra

Kæru foreldrar

Sá sorglegi atburður gerðist sl. fimmtudag að xxxxx faðir xxxxx á (heiti deildar) og xxxxx á (heiti deildar) lést eftir erfið veikindi.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barnanna í leikskólanum fái vitneskju um atburðinn.

Vegna ungs aldurs barnanna á deildunum (heiti deilda) hyggjumst við ekki tilkynna þeim um andlátíð.

Kær kveðja

Leikskólastjóri
Leikskólinn XXXX

Samræmdur texti þegar hringt er til foreldra v/andláts foreldris barns.

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri/deildarstjóri, xxxxx hringdi í foreldra elstu barnanna.

Mig langaði til að tilkynna ykkur að sá sorglegi atburður gerðist síðastliðinn fimmtudaginn (30. janúar) að xxxxx pabbi xxxxx á (heiti deildar) lést effir erfið veikindi.

Við ætlum að ræða við börnin í XXX stund á morgun. Því væri það gott að þið segðuð barninu ykkar frá þessu heima.

Verið vakandi yfir líðan barnsins næstu daga og ekki hika við að hafa samband ef upp koma spurningar.

Orsök andlátsins – samræma upplýsingar

Leikskólinn xxxxx

Mánudagur 19. mars 2001

Kæru foreldrar

Sá sorglegi atburður gerðist laugardaginn 17. mars að xxxxxxxxxxxxxxxx faðir xxxxxxxx á (heiti deildar) lést effir veikindi.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barnanna á deildinni fái vitneskju um atbuðinn.

Vegna ungs aldurs barnanna á deildinni hyggjumst við ekki tilkynna þeim um andlátíð.

Kveðja

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

Leikskólastjóri

Leikskólinn xxxxxx

Mánudagur 24. apríl 2005

Kæru foreldrar

Sá sorglegi atburður gerðist aðfaranótt föstudagsins 21. apríl að xxxxxxxx móðir xxxxxxxx á (heiti deildar) lést eftir aðgerð. Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barna á deildinni fái vitneskju um atburðinn og hvernig við hér í leikskólanum munum bregðast við. Á morgun þriðjudaginn 25. apríl munu undirrituð tilkynna og ræða við börnin á (heiti deildar) Sr. Xxxxxxxx mun koma til okkar og tala við okkur.

Kveðja,

Xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

8. Bækur og heimildir um sorg og sorgarviðbrögð

Börn og sorg	Sr. Sigurður Pálsson (1998)
Að kveðja í síðasta sinn	Lois Rock (2005)
Hvað í veröldinni gerir maður þegar einhver deyr	Trevor Romain (1999)
Börn og skilnaður	Benedikt Jóhannsson (2004)
Hvað nú	Hallfríður Ingimundardóttir
Von	Sr. Bragi Skúlason
Sorg barna	Sr. Bragi Skúlason (1994)
Af hverju afi:	Sr. Sigurbjörn Einarsson (2004)
Til þín sem átt um sárt að binda	Sr. Karl Sigurbjörnsson (1995)

Það má ekki vera satt

Guðrún Alda Harðardóttir /
Halla Sólveig (1997)

Þegar foreldri fær krabbamein

Wendy S. Harpham
Karl Emil Gunnarsson þýðir (2014)

Sumarlandi

Eyvind Skeie

Sigurður Pálsson þýðir (1995)

Hver er tilgangurinn?

Norman Warren Oslo (1986)
Sr. Hreinn Hákonarson þýðir (1999)

Makalaust líf

Anna Ingólfssdóttir,
Guðfinna Eydal og Jóna
Hrönn Bolladóttir (2012)

Bæklingur um börn og áföll:

https://www.raudikrossinn.is/media/bæklingar/adstod_vid_born_nov06.pdf